

Sveitarfélagið Skagafjörður  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík 10. janúar 2019  
UST201811-276/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Lýsing – Skagafjörður - Deiliskipulag - Víðimelur Suðurtún 1**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags lóðarinnar Víðimels Suðurtúni 1.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að lóðin Víðimelur er 7.380 m<sup>2</sup> og liggur sunnan gatnamóta Þjóðveggar 1 og Skagafjarðarveggar 752. Einnig kemur fram að í dag eru á svæðinu ræktað tún og að áætlað er að reisa þar sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti.

Í áætluðu skipulagi verður skilgreindur byggingarreitur fyrir eldsneytisafgreiðslustöð og tengd mannvirki, aðkomu og veltengingar, skilgreind staðsetning fyrir 60m<sup>3</sup> geymslutank og skilgreind staðsetning fyrir sand- og olíuskilju og siturlögn.


Umhverfisstofnun tekur undir það og ítrekar mikilvægi vandaðrar olíuskilju þar sem fráveitan er einungis fyrir viðkomandi bensínafgreiðslu, en ekki hluti af stærra fráveitukerfi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að uppfylla þarf öll viðeigandi ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Einnig bendir stofnunin á að geymar, lagnir, olíuskiljur og afgreiðsludælur sem eru fjöldaframleidd eru byggingavörur og skulu uppfylla ákvæði laga nr. 114/2014.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur